

ÁRSSKÝRSLA SKÓGRÆKTARFÉLAGS REYKJAVÍKUR

2024



SKÓGRÆKTARFÉLAG
REYKJAVÍKUR



VELKOMIN
KAKS ALUEEN 700-
BARNAKKO 500-
SILKAKAIFI 500-
BARKK. SINKOKUUR.

ÁRSSKÝRSLA SKÓGRÆKTARFÉLAGS REYKJAVÍKUR 2024



Umsjón	Kári Gylfason
Höfundar efnis	Auður Kjartansdóttir Hjördís Jónsdóttir Jóhannes Benediktsson Kári Gylfason Sævar Hreiðarsson Teitur Björgvinsson Þórveig Jóhannsdóttir
Ljósmyndir	Anna Diljá Sigurðardóttir Auður Kjartansdóttir Becky Póra María D'Arcy Hjördís Jónsdóttir Finnur Jens Númason Guðmundur Freyr Jónsson Luca Campus Sævar Hreiðarsson Teitur Björgvinsson Þráinn Hauksson Þórveig Jóhannsdóttir
Ljósmynd á forsiðu Ljósmynd á baksíðu	Auður Kjartansdóttir Hjördís Jónsdóttir
Prófarkarlestur Hönnun og umbrot	Kári Gylfason Prentmet Oddi

Prentuð vor 2025

Prentmet Oddi - Umhverfissvottuð prentsmiðja

Inngangur	6
Ávarp formanns	7
Ávarp framkvæmdastjóra	9
Stjórn	10
Starfsmenn	11
Starfsnemar	12
Viðburðir, verkefni og fræðsla	14
Hverfistré Reykjavíkur	14
Pátttökugróðursetningar og heimsóknir	15
Viðarvinnslan	16
Tálgað og talað	17
Loftslagsskógar í Úlfarsfelli	18
Heiðmerkurhlaupið	19
Jafnvægisvogin	19
Gönguskiði	20
Shinrin-Yoku (skógarbað)	20
Jólaviðburðir	22
Heiðmörk	26
Vatnsvernd og umhverfisvitund	27
Gróðursetningar og framkvæmdir	28
Grisjun, háspennulínur og jólatré	29
Brúin yfir Helluvatn	31
Brunavarnir	30
Fallegur áningarstaður rís úr brunarústum	30
Nýr stígur í Garðabæ	30
Framlag Landsvirkjunar	31
Ný reiðleið um Stekkjarholt að brúnni yfir Helluvatn	31
Urriðakotshraun friðlýst	31
Esjuhlíðar	32
Lundur 3	37
Múlastaðir	37
Fellsmörk	38
Reynivellir	38
Lykiltölur	39
Rekstrarreikningur 2024	44
Efnahagsreikningur	45
Samstarfs- og styktaraðilar	46

INNGANGUR



Jóhannes formaður leggur hönd á plóg við stígagerð í Heiðmörk.

Líkt og hin síðari ár, einkenndist starf félagsins af fjölbreyttum verkefnum og góðum rekstri. Skógrækt á Lundi III í Lunda-reykjadal, hefst vonandi af krafti von bráðar. Samið hefur verið við Ölgerðina um skógrækt á 170 hekturum — um fjórðungi jarðarinnar. Samningurinn er mikið fagnaðarefni. Þetta er fyrsti stóri samningurinn sem einkafyrirtæki gerir við skógræktarfélag. Við bindum vonir við að önnur skógræktarfélög geti farið svipaða leið til að rækta upp fallega útivistarskóga sem verða opnir almenningi. Samningurinn hafði verið í undirbúningi í tvö ár og nú hlökkum við til þess að geta hafist handa.

Mikil tækifæri felast í samningum sem þessum og öðru samstarfi við fyrirtæki.

Skógræktarstarfið heldur áfram í Heiðmörk, Esjuhlíðum, Loftslags-skógunum í Úlfarsfelli og á jörðum í eigu félagsins. Á Múla-stöðum, skammt frá Lundi III, er búið að gróðursetja á yfir tvö hundruð hekturum á síðustu tíu árum. Ræktunarstarfið gengur vel og góð reynsla af útleigu á gamla íbúðarhúsinu. Í Fellsmörk er áfram unnið að gerð nýrra leigusamninga í góðu samstarfi við landnema. Fellsmörk býr yfir mikilli og sérstakri náttúrufegurð og er nokkuð víðáttumikil — hátt í þúsund hektarar. Til stendur að ákveðin svæði verði afmörkuð fyrir landnema. Önnur verði í sam-eiginlegri notkun eða opn almenningi.

Gott samstarf hefur verið við Reykjavíkurborg. Á haustmánuðum kom Einar Þorsteinsson borgarstjóri í heimsókn í Heiðmörk og kynnti sér starfsemi félagsins. Ánægjulegt er að finna fyrir áhuga á starfi félagsins og skógrækt almennt. Enn ánægjulegra væri ef skrið kæmist á áform um aukna skógrækt í borgarlandinu með gerð samþætts samnings milli Skógræktarfélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar. Slíkur samningur hefur verið í undirbúningi lengi og fæli í sér aukna skógrækt til að vinna að kolefnishlut-leysi borgarinnar og nýjum útivistarskógum á hentugum svæðum í borgarlandinu.

Á árinu 2025 fagnar Heiðmörk 75 ára afmæli. Ýmis dagskrá er í undirbúningi. Það er líka aldarfjórðungur frá því að félagið tók við umsjón útivistarsvæðanna í Esjuhlíðum. Á þeim tíma hefur félagið unnið markvisst að því að bæta stíga, brýr og aðra innviði svo að ólíkir hópar geti notið þessa skemmtilega útivistarsvæðis. Í Heiðmörk og Esjuhlíðum er Skógræktarfélag Reykjavíkur að reka tvö stærstu og fjölsóttustu útivistarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Það er mikilvægt að borgarbúar hafi gott aðgengi að þeim.

Vinna að deiliskipulagi fyrir Heiðmörk hófst á árinu 2024 og standa vonir til þess að þeirri vinnu verði lokið fyrir árslok 2025. Það er löngu tímabært að gera deiliskipulag fyrir Heiðmörk. Vonandi felur það í sér betri ramma um það hvernig samþætta megi vatnsvernd og aðgengi borgarbúa að þessu ómetanlega útivistarsvæði. Síðast þegar var talið, voru heimsóknir í Heiðmörk um hálf milljón á ári.

Veitur, dótturfyrirtæki OR, hefur gert kröfur um meiri takmarkanir á útivist í Heiðmörk, vegna vatnsverndar. Ef af verður, myndi það hafa áhrif á rótgróin, þekkt og mikið notuð svæði í Heiðmörk. Undanfarin ár hefur stórum hluta friðlandsins verið lokað fyrir bílaumferð yfir vetrarmánuðina. Alla jafna hefur verið lokað strax og snjóar og ekki opnað fyrr en komið er fram á vor, óháð því hvernig færð var í millitíðinni. Þetta þarf að skýra og koma í betra horf. Að sjálfsögðu þarf að tryggja vernd þeirra ómetanlegu vatnsbóla sem eru í Heiðmörk. Um leið þurfa að vera fyrir hendi einhver viðmið og reglur. Aðgengi að Heiðmörk ætti að vera eins gott og mikið og mögulegt er.

Gestir Heiðmerkur eru afar fjölbreyttur hópur. Það sama má segja um samstarfsaðila félagsins. Reglulega koma til félagsins starfsmenn erlendis frá, grunnskólanemar, nemendur í trésmíði í vettvangsnámi og nemendur frá Listaháskólanum, ýmist til að vinna með hönnun eða fræðast um skógarmenningu. Félagið stendur fyrir fjölmörgum viðburðum og námskeiðum á ári hverju. Á liðnu ári var til að mynda gengist fyrir fjölda jólaviðburða, Heiðmerkurlaupinu og skógarböðum og svo mætti lengi telja.

Tálgunarnámskeið og opinn dagur í viðarvinnslunni voru líka vel sótt. Viðarvinnsla- og verslun félagsins dafna vel og hafa leitt til ýmiskonar samstarfs. Tækifæri eru til að þróa hana enn frekar. Hægt er að selja timbur úr Heiðmörk með sjálfbærnivottorð og nota til húsbygginga, í innréttingar og húsgögn eða annað slíkt.

Þá fengum við nokkrar heimsóknir erlendis frá. Allt frá nemendum Vassar College í Bandaríkjunum, til sendinefndar frá Noregi og aðstoðarborgarstjóra Chengdu í Kína, sem vildi fræðast um hvernig staðið er að skógrækt í svipuðu veðurfari og er efst í fjöllum nærliggjandi þjóðgarðar. Þjóðgarðurinn er líklega þekktast fyrir að þar eru náttúruleg heimkynni risapöndunnar.

Hverfistré Reykjavíkur voru útnefnd í öllum tíu hverfum borgarinnar á árinu. Þetta leiddi til margvíslegrar umfjöllunar um trjágróður í borgum, verðmæti hans og gagnsemi. Margir borgarbúar höfðu samband við félagið með ábendingar um uppáhaldstré sem gerðu hversdaginn betri.

Við upplifum mikla ánægju með starf félagsins hjá þeim ólíku hópum sem koma í Heiðmörk og Esjuhlíðar. Auðvitað myndum við vilja að allir sem njóta þess að vera í skóglendinu, væru með í Skógræktarfélagi Reykjavíkur. Það er því gleðiefni að félagsmönnum hefur fjölgað um hátt í tvö hundruð á árinu.

Skógræktarfélag Reykjavíkur býr að miklum velvilja í samfélaginu. Fjöldi reynslumikilla stjórnarmanna leggur á sig mikla vinnu fyrir félagið. Stjórn félagsins, framkvæmdastjóra og starfsfólki er þakkað fyrir vel unnin störf.

Jóhannes Benediktsson,
formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur



ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

Kæru félagar og stuðningsmenn Skógræktarfélags Reykjavíkur.

Árið 2024 hefur verið viðburðaríkt í starfi félagsins. Við höfum haldið áfram að vinna að markmiðum okkar um sjálfbæra skógrækt og náttúruvernd. Verkefnin hafa verið fjölbreytt og snúið að gróðursetningu, landgræðslu, fræðslu og samvinnu við fjölbreytta aðila í samfélaginu.

Skógræktarfélagið hefur ávallt lagt ríka áherslu á að vernda og efla þau grænu svæði sem við berum ábyrgð á, ekki síst Heiðmörk sem er eitt mikilvægasta útivistarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Við höfum haldið áfram að sinna því mikilvæga hlutverki að hlúa að skóginum, viðhalda gönguleiðum og stuðla að fræðslu um náttúruna fyrir almenning. Rekstur útivistarsvæðis eins og Heiðmerkur er stórt ábyrgðarverkefni sem skiptir sköpum fyrir lífsgæði og lýðheilsu íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Við höfum lagt mikla vinnu í að standa vörð um viðkvæm svæði og tryggja sjálfbæra umgengni við náttúruna. Kjarninn í starfi félagsins er náttúruvernd, uppgræðsla og endurheimt illa farinna vistkerfa. Víða er sótt að grænum svæðum og mikilvægt að hlúa að þeim.

Síðastliðið haust fór hópur frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur í fræðsluferð til Oslomarka í Noregi. Oslomarka er víðáttumikið útivistarsvæði sem umlykur byggðina í og við norsku höfuðborgina. Svæðið á margt sameiginlegt með Heiðmörk, bæði hvað varðar vatnsvernd og útivist. Við kynntum okkur hvernig Norðmenn vinna að samspili verndunar og aðgengis almennings að náttúrusvæðum og hvernig hægt er að tryggja sjálfbæra nýtingu skógarsvæða. Í Oslómarka er hægt að taka sporvagn og á góðum degi koma yfir 10 þúsund manns með sporvagni í útivist. Félagið hvetur til að hugað verði að vistvænum leiðum að Græna treflinum hér á höfuðborgarsvæðinu. Í Noregi var farin sú leið að setja lög á norska Stórþinginu sem vernda Oslo-marka. Það væri ráð að Alþingi gerði slíkt hið sama á 75 ára afmæli Heiðmerkur.

Við viljum þakka öllum sem hafa lagt sitt af mörkum til starfsemi félagsins á árinu 2024: Félagsmönnum, sjálfboðaliðum, styrktaraðilum, samstarfsaðilum og öllum þeim sem leggja leið sína í Heiðmörk og á önnur skógræktarsvæði okkar. Án ykkar stuðnings væri þessi vinna ekki möguleg.



Með þakklæti og bjartsýni horfum við til framtíðar, full sjálfs-trausts um að áframhaldandi uppbygging skógræktar og náttúruverndar verði á dagskrá. Við vonum að sem flestir haldi áfram að taka þátt í þessu mikilvæga starfi með okkur.

*Auður Kjartansdóttir,
framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur*



Formaður	Jóhannes Benediktsson
Varaformaður	Aðalsteinn Sigurgeirsson
Ritari	Þorsteinn Tómasson
Gjaldkeri	Valgerður Hrund Skúladóttir
Aðalstjórn	Björt Ólafsdóttir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir Páll Þórhallsson Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
Varastjórn	Björn Thors Einar Sveinbjörnsson Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir Sverrir Bollason
Skoðunarmenn	Þorvaldur S. Þorvaldsson Lilja Guðmundsdóttir
Varaskoðunarmenn	Ólafur Sigurðsson Þröstur Ólafsson
Endurskoðandi	Jón Þ. Hilmarsson

Stjórn hélt 11 fundi á árinu og einn aðalfund sem fór fram 23. apríl.
Í árslok 2024 voru félagsmenn 1.346.



Pórveig Jóhannesdóttir var ráðin í fullt starf um mitt ár. Hún hefur yfirumsjón með gróðursetningum félagsins auk þess að vinna við grisjun, umhirðu, verkefnastjórnun, fræðslu og önnur tilfallandi verkefni. Pórveig er skógræðingur og starfaði áður hjá Skógræktarfélagi Íslands. Hún hefur líka unnið við landvörslu, í gróðrarstöð, við gerð gagnagrunns og sem skógræktarráðgjafi. Gústaf Jarl Viðarsson hélt til annarra starfa í byrjun sumars, eftir rúman áratug hjá félaginu. Honum er þakkað fyrir gott og öflugt starf fyrir félagið.

Auður Kjartansdóttir er framkvæmdastjóri félagsins. Marcin Niznik starfar í viðarvinnslunni og sinnir ýmsum verkefnum í Heiðmörk og víðar. Sævar Hreiðarsson skógræðingur er skógarvörður Heiðmerkur. Hann hefur umsjón með friðlandinu, heldur utan um verknám starfsnema og verkstýrir í viðarvinnslunni. Teitur Björgvinsson hefur umsjón með viðarvinnslu og viðarverslun félagsins í Heiðmörk. Hjördís Jónsdóttir sá um jólavíðburði félagsins, Heiðmerkurhlaupið og fleiri víðburði. Kári Gylfason er ritstjóri heidmork.is og sér um verkefni sem snúa einkum að fræðslu og miðlun. Kristján Agnar Vágskeið og Óskar Guðmundsson eru í hlutastarfi við viðarvinnslu og önnur verk. Starfsmenn sinna einnig grisjun, gróðursetningum, sölu afurða, viðhaldi véla og innviða og fjölmörgum öðrum verkefnum sem vinna þarf í Heiðmörk og víðar.

Fjöldi fólks starfar fyrir félagið tímabundið eða sem verktakar, svo sem við jólavíðburði félagsins, grisjun og stígagerð. Félagið nýtur þess að margt öflugt og reynslumikið starfsfólk tekur þátt í víðburðum og verkefnum ár eftir ár. Styrkur frá Landsvirkjun gerði félaginu kleift að ráða 5 sumarstarfsmenn til starfa og sinna af myndarskap gróðursetningum, umhirðu og viðhaldi útivistarinnviða í Heiðmörk og Esjuhlíðum. Í haust var endurnýjaður samningur við Virk um að fólk í starfsendurhæfingu komi til starfa í hlutastarfi í Heiðmörk.

STARFSNEMAR

Árlega koma nokkrir starfsnemar til dvalar hjá félaginu, flestir erlendis frá. Það er eftirsótt að koma í starfsnám í Heiðmörk og fá tækifæri til kynnst skógrækt, uppbyggingu útivistar og starfsemi félagsins. Félagið nýtur líka góðs af vinnuframlagi og þekkingu starfsmanna, sem yfirleitt leggja stund á nám í skógfræði, útivistarfræði og skyldum greinum.

Í mars komu fjórir nemendur frá CIPFP Cheste Tækniháskólanum í Valencia á Spáni, og dvöldu í tvo mánuði. Þeir Carlos Guzman, César Gracia, Pablo Sandoval og Sergi Ortí tóku m.a. þátt í grisjun, uppkvistun, framleiðslu á girðingarstaurum, gróðursetningum

ofl. Þetta voru hressir piltar sem stóðu sig með stakri þrýði. Í lokaverkefni fyrir áfanga í CIPFP, fjallaði Cesar um skógrækt og uppgræðslustarf í Úlfarsfelli.

Á haustmánuðum komu til okkar tveir nemar frá Danmörku, þeir Jeppe Naciri Østergaard og Jonas Dalsgaard Nielsen. Þeir eru að nema skógtækni (nature- and forest technician) við Skovskolen í Nødebo. Þeir dvöldu hjá félaginu í nokkrar vikur og tóku meðal annars þátt í grisjun í birkireitum, uppsetningu á girðingu, aðstoðuðu í viðarvinnslu ofl. Báðir stefna á að sérhæfa sig í klifurtækni og tæknilegum trjáfellingum (arborist).



Spænsku starfsnemarnir Carlos, Cesar, Pablo og Serge, í Eshjálíðum.



Snorre og Teitur grisja frá stíg í Heiðmörk.

VIÐBURÐIR, VERKEFNI OG FRÆÐSLA

HVERFISTRÉ REYKJAVÍKUR

Skógræktarfélagið Reykjavíkur gekkst fyrir útnefningu á Hverfistré Reykjavíkur í öllum tíu hverfum borgarinnar. Óskað var eftir tilnefningum frá íbúum, félagsmönnum og áhugafólki. Hverfistrén tíu voru svo útnefnd á afmælisdegi félagsins, 25. ágúst. Nokkur sérstök og glæsileg tré fengu einnig sérstakar viðurkenningar.

Með verkefninu var vakin athygli á mikilvægi trjágróðurs í borgum og þeim gríðarlegu verðmætum sem í honum felast. Rannsóknir hafa sýnt fram á bein og mælanleg tengsl milli trjágróðurs í borgum og betri heilsu. Þá skapa tré skjól, draga úr mengun og hávaða, eru búsvæði fugla og skordýra og gera umhverfið fallegra og skemmtilegra. Fjallað var um trjágróður Reykjavíkur, og í borgum almennt, í viðtölum í fjölmiðlum, í hverfisblöðum Reykjavíkur, á heidmork.is og samfélagsmiðlum félagsins. Umfjöllunin vakti talsverða athygli.



Hverfistré Breiðholts

SKÓGRÆKTARFÉLAG REYKJAVÍKUR

Hverfistré Breiðholts er ilmreynir (*Sorbus aucuparia*) við Vesturberg 29. Reynirinn var gróðursettur árið 1976, skömmu eftir flutt var inn í nýbyggt íbúðarhúsið, og hefur vaxið og dafnað síðan. Tréð er vel staðsett í garði við hlíðina á göngustíg.



Skógræktarfélag Reykjavíkur útnefndi Hverfistré Reykjavíkur í tíu hverfum borgarinnar haustið 2024, til að vekja athygli á trjágróðri í borginni.

Skógræktarfélag Reykjavíkur eru frjálts félagsamtök.

Tré í borgum hafa mikil og góð áhrif á umhverfið og líf borgarbúa. Þau skapa skjól, draga úr mengun, eru búsvæði fugla og skordýra og gera umhverfið fallegra og skemmtilegra. Rannsóknir hafa sýnt fram á bein og mælanleg tengsl milli trjágróðurs í borgum og betri heilsu.

heidmork.is/hverfistre

Hverfistré Kjalarness

SKÓGRÆKTARFÉLAG REYKJAVÍKUR

Hverfistré Kjalarness er gullregn (Laburnum x watereri) við Esjustrund 34. Gullregnið er fallegt og blómstrar ríkulega. Tréð hefur notið alúðar í uppeldinu og er vel haldið í einkagarði. Jafnframt sést það vel frá göngustíg í miðju Grundarhverfi og því margir sem geta notið þess.



Skógræktarfélag Reykjavíkur útnefndi Hverfistré Reykjavíkur í tíu hverfum borgarinnar haustið 2024, til að vekja athygli á trjágróðri í borginni.

Skógræktarfélag Reykjavíkur eru frjálts félagsamtök.

Tré í borgum hafa mikil og góð áhrif á umhverfið og líf borgarbúa. Þau skapa skjól, draga úr mengun, eru búsvæði fugla og skordýra og gera umhverfið fallegra og skemmtilegra. Rannsóknir hafa sýnt fram á bein og mælanleg tengsl milli trjágróðurs í borgum og betri heilsu.

heidmork.is/hverfistre

Veggspjöld með umfjöllun um Hverfistré hvers hverfis voru sett upp í sundlaugum eða á öðrum fjölförum stöðum innan hverfisins.

ÞÁTTTÖKUGRÓÐURSETNINGAR OG HEIMSÓKNIR

Fjöldi góðra gesta kom í heimsókn til okkar í Heiðmörk á árinu, svo sem eldri borgarar, starfsmannahópar og félagasamtök. Þá komu fjölmargir nemendahópar. Meðal annars grunnskólanemar, trésmíðanemar, skógfræðinemar frá Norður-Svíþjóð og nemendur frá Wellington College Hangzhou í Kína, sem hjálpuðu til við að skreyta Jólamarkaðinn í Heiðmörk. Einnig komu ófáir hópar sem hjálpuðu til við gróðursetningar. Það er gaman að fá tækifæri til að segja fólki frá Heiðmörk, ræða skógrækt, starf félagsins og fleira. Enda er fræðsla eitt af markmiðum félagsins.



Skógfræðinemar frá Norður-Svíþjóð hlýða á Teit segja frá skógræktarstarfinu í Heiðmörk.



Góður hópur leikara og kvikmyndagerðarfólks kom til okkar og gróðursetti í Evrópska kvikmyndaskóginum í Heiðmörk. Benedikt Erlingsson skipulagði gróðursetninguna, meðal annars til að bæta upp kolefnislosun vegna nýrra þátta – Danska konan.



Í janúar var hópur nemenda frá Listaháskólanum með annan fótinn í Heiðmörk. Nemendurnir voru í áfanga um kúltúr og tíðaranda, þar sem meðal annars er fjallað um skóga og skógarmenningu.



Í september kom sendinefnd frá Noregi í heimsókn í Heiðmörk. Tílefnið var að 75 ár voru liðin frá fyrstu gróðursetningu vinapjóðanna Íslands og Noregs. Eftir heimsóknina var haldið á Pingvelli þar sem frú Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, og Cecille Willoch, sendiherra Noregs, gróðursettu emblu birki.



Skjól fyrir stjörnu- og norðurljósaskoðun nærri bílastæðinu við Búrfellsgjá.



Brýnsluvél var tekin í notkun á árinu. Hér er Marcin að brýna bandsagarblað í viðarvinnslunni.

VIÐARVINNSLAN

Viðarvinnsla félagsins í Heiðmörk hélt áfram að dafna á árinu. Í viðarvinnslunni er unnið úr grisjunarvið og verðmætar afurðir framleiddar á sjálfbæran og umhverfisvænan hátt. Haldið var áfram með þróun eldiviðarvinnslnnar og vinnslu á borðvið. Ópið hús var 24. maí, undir yfirskriftinni Vor í Viðarvinnslunni. Viðburðurinn var vel sóttur og stefnt að því að halda áfram með þetta kynningar- og fræðslustarf. Margir góðir gestir komu til okkar á árinu. Meðal annars hönnuðir, smiðir og nemendur í hönnun og myndlist. Þá komu trésmíðanemar Tækniskólans og nemendur í húsasmíði í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti í vettvangsnám líkt og undanfarnir ár, sem hluti af verkefninu Skógarnytjar.

Á árinu var keypt stauravél til að búa til staura úr grisjunarefni. Undanfarnir misseri hefur félagið framleitt talsvert af girðingarstaurum úr rauðgreni og sitkagreni. Enda fellur til mikið efni við grisjanir í skóginum, sem er fullkomnið að nýta í staura. Hingað til

hafa staurarnir verið gerðir með handverkfærum. Nýja vélin mun gera þessa framleiðslu mun hagkvæmari. Staurarnir verða til að mynda notaðir í girðingar á Múlastöðum og Lundi III.

Félagið hefur einnig fest kaup á skógarspili til að draga timbur út úr skóginum. Og brýnsluvél til að nýta betur sagarblöð.

Meðal annarra verkefna var að taka til timbur fyrir nýjan skjólstað við bílastæðið við upphaf gönguleiðar í Búrfellsgjá. Landslag hannaði skjólstaðinn fyrir Garðabæ sem var reistur úr sitkagrenibolum úr Heiðmörk. Verið er að smíða bekkir fyrir áningarstaðinn, úr timbri sem gekk af við framkvæmdirnar. Það er ánægjulegt hve vel tókst til með að fullnýta efniviðinn. Börkurinn af grenibolum var að mestu þurrkaður og notaður sem uppkveikiefni. Hluti hans var tekinn frá og notaður til að súta leður í verkefni nemanda í fatahönnun við LHÍ.



Á árinu var lokið við Perlufestinn í Öskjuhlíð. Göngustígurinn er að miklu leyti úr timbri úr Heiðmörk.



Vor í viðarvinnslunni.



Nemendur í smíðakennslu komu í heimsókn í viðarvinnsluna í mars. Þeir könnuðu mögulegan efnivið og unnu verkefni sem hægt væri að kenna í grunnskólum. Stefnt er að því að smíðakennaranemar haldi áfram að koma til okkar í vettvangsnám í Heiðmörk.

TÁLGAÐ OG TALAÐ

Í byrjun skólaársins, um miðjan ágúst, stóð félagið fyrir námskeiðinu „Tálgað og talað“. Þar fjallaði Þórdís Halla Sigmarsdóttir kennari um grunnatriði í tálgun, hvernig hægt er að skipuleggja tálgun með grunnskólabörnum og tengsl tálgunar

við núvitund, náttúruna og skóginn. Mikill áhugi var á námskeiðinu og varð það fljótt fullbókað. Stefnt er að því að halda námskeiðið aftur næsta haust.




LOFTSLAGSSKÓGAR Í ÚLFARSFELLI

Í Úlfarsfelli er unnið að landgræðslu og skógrækt á um 140 hekturum. Markmiðið er að rækta skóga sem auka kolefnisbindingu, mynda skjól og búa til ánægjulegt útivistarsvæði fyrir borgarbúa. Loftslagsskógar er samstarfsverkefni félagsins með Reykjavíkurborg.

Ríflega tólf þúsund tré og runnar voru gróðursett í sumar, í tæpa sjö hektara lands. Fjölbreytileikinn var mikill: Gróðusettar voru 27 trjátegundirnar og 34 runnategundir. Nokkuð stór hluti af plöntunum voru stórar pottaplöntur og voru þær einkum gróðursettir í lúpínubreiður.

Um miðjan júlí var molta út Gaju, jarðgerðarstöð Sorpu, dreift á uppgræðslusvæði meðfram akveginum. Í framhaldinu var sáð í moltuna hvítmára og grasfræi. Svæðið er mikið rofið og því gott að bæta við lífrænu efni. Eftir eitt til tvö ár verða tré og runnar gróðursett. Hvítmárafræjum var einnig sáð yfir gróðursetningarsvæði þar sem jarðvegurinn er mjög rýr.



Hópur frá Reykjavík Accueil – Frakkar sem búsettir eru á Íslandi. Hópurinn hjálpaði til við gróðusetja í rofið svæði í hliðum Úlfarsfells.



HEIÐMERKURHLAUPIÐ

Yfir tvö hundruð tóku þátt í fimmta Heiðmerkurhlaup-inu, 28. september. Fallegt haustveður var í Heiðmörk og stór hluti hlaupsins inni í skóglendinu. Heiðmerkurhlaupið er í haldið í góðu samstarfi félagsins við Náttúruhlaup og Fjallakofann.




JAFNVÆGISVOGIN

Skógræktarfélag Reykjavíkur er meðal þeirra sem fengu viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar í ár. Markmið Jafnvægisvogarinnar er að jafna hlutfall kynja í efstu stjórnendastöðum í samfélaginu. Markmið um 40/60 hlutfall var haft til hliðsjónar.

Samhliða viðurkenningunni voru pottaplöntur af hinum ýmsu trjátegundum gróðursettar í Jafnréttislund í Heiðmörk.



Gróðursett var í Jafnréttislund í október í tengslum við viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar. Andrea Róbertsdóttir og Bryndís Reynisdóttir láta hér hendur standa fram úr ermum.



GÖNGUSKÍÐI

Heiðmörk er sem fyrr mjög vinsæl meðal gönguskiðafólks. Enda er umhverfið fallett, skjól í skóglendinu og tiltölulega stutt að fara fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins. Gott gönguskiðafæri var bæði í byrjun og lok ársins og reyndu starfsmenn félagsins að bregðast skjótt við og leggja spor.

SHINRIN-YOKU (SKÓGARBAÐ)

Regluleg shinrin-yoku voru í Heiðmörk á vegum Nature and Forest Therapy Iceland. Vaxandi vitund er um hve gott og hollt það getur verið að slaka á og gleyma sér í náttúrunni. Skógarbað er markviss leið til að draga úr streitu og lífsstílssjúkdómum. Þátttakendur gengu stutta vegalengd í skóglendi og fengu handleiðslu í að slaka á, beita skynfærunum og efla tengsl sín við náttúruna og sig sjálf.

Skógar styðja lýðheilsu með margskonar hætti. Shinrin-yoku er gott dæmi um það og sýnir um leið hvernig skógarmenning á Íslandi er sífellt að vaxa og verða fjölbreyttari.





JÓLAVIÐBURÐIR





Góð þátttaka var á Jólaviðburðum félagsins og margir sem nutu jólastemningarinnar í Heiðmörk og í Jólaskóginum á Hólmsheiði. Vetrarveðrið var með besta móti og ánægjulegt að hægt var að bjóða borgarbúum í heimsókn í Heiðmörk allan desember. Jólatriáasala er ein af helstu leiðum félagsins til að afla tekna og gerir okkur kleift að leggja meira í starfið.



Jólamarkaðstréð 2024 skreytti Margrét Katrín Guttormsdóttir textilhönnuður. Hún blandaði saman textílvefnaði og trjávefnaði í litríkum stíl með því að notast við mjúkar greinar víðis.






Fyrstu opnunarhelgina var opin vinnustofa í gerð aðventukransa í Jólakjallaranum í Elliðavatnsbænum. Unnið var með efnivið úr skóginum, undir handleiðslu Ingunnar Bjarkar Vilhjálmsdóttur.



Barnastund var alla opnunardaga Jólamarkaðsins í Rjóðrinu, nærri Elliðavatnsbænum. Þar lásu höfundar nýrra barnabóka upp úr verkum sínum við varðeld.



Einar Þorsteinsson borgarstjóri fellir Oslóartréð í Heiðmörk með dyggri aðstoð Sævars skógarvarðar.



Á ári hverju seljum við fjölda trjáa sem verða til með sjálfbærri skógrækt og grisjun í Heiðmörk. Meðal annars sérvalin torgtré, til dæmis fyrir skóla, stofnanir og fyrirtæki. Þetta glæsilega tré var sett upp fyrir gesti Norræna hússins.



Í Jólaskóginum á Hólmsheiði var hægt að sækja sér tré og njóta útiveru í fallegu umhverfi, með heitan drykk við logandi eld.

HEIÐMÖRK

HEIÐMÖRK, FRÍÐLAND REYKVIKINGA, OPNAÐI FORMLEGA ÁRIÐ 1950. HEIÐMÖRK ER UM 3.270 HEKTARAR. ÞAR AF ER SKÓGLENDI Á UM 2.000 HEKTURUM. SKÓGRÆKTARFÉLAG REYKJAVÍKUR HEFUR HAFT UMSJÓN MEÐ HEIÐMÖRK FRÁ UPPHAFI. FÉLAGIÐ HEFUR GRÆTT UPP LANDIÐ, RÆKTAÐ SKÓG OG BÚIÐ Í HAGINN FYRIR GESTI ÞESSA VINSÆLA ÚTIVISTARSVÆÐIS.





VATNSVERND OG UMHVERFISVITUND

Í Heiðmörk eru ómetanleg vatnsból. Heiðmörk er vatnsverndarsvæði og eru brunnsvæðin girt af.

Skógar eru mikilvægir til að bæta vatnsvernd og miðlun vatns. Gróðurinn ver jarðveginn, hindrar jarðvegsrof, dregur úr afrennsli og síar vatnið sem verður hreinna fyrir vikið.

Skógræktarfélag Reykjavíkur leggur ríka áherslu á umhverfis- og vatnsvernd í öllu starfi sínu. Starfsmenn félagsins hafa virkt eftirlit innan svæðisins allt árið, í nánú samstarfi við Veitur og Orkuveitu Reykjavíkur.

Gestir Heiðmerkur eru hvattir til að ganga vel um og leggja sitt af mörkum til að vernda vatnsbólin.



Hafsteinn Björgvinsson fylgdist með fuglalífi við vatnsbólin í Heiðmörk og gaf út skýrslur í um fjóra áratugi. Hann hætti störfum hjá Veitum á síðasta ári og er hér að fara að renna fyrir fisk í Elliðavatni.



Kröfuharðari tegundir eins og þessi eik þrífast ágætlega í Heiðmörk nú þegar jarðvegurinn er orðinn betri og meira skjól.



Stundin okkar við tökur í Heiðmörk í ágúst.



Umhverfshópur Garðabæjar gróðursetti í sumar í nágrenni nýs stígs sem liggur frá Útílífsmiðstöðinni að Hjöllum, nærri Grunnuvötnum.

GRÓÐURSETNINGAR OG FRAMKVÆMDIR

Rúmlega 40 þúsund trjáplöntur voru gróðursettar í Heiðmörk á árinu. Megnið af trjáplöntunum var gróðursett norðaustan megin við Grunnvatn syðra, beggja megin við nýjan göngu-stíg sem var lagður í sumar. Einnig var nokkuð gróðursett af stærri, kröfuharðari trjám og runnum, til að auka fjölbreytni útivistarskógarins. Meðal annars var talsvert gróðursett af sólberjarunnum í lúpínubreiðu við áningarstað austan í Heimaási.

Lokað var fyrir bílaumferð um hluta Heiðmerkur fyrstu mánuði ársins. Vegna slæmrar færðar var talið nauðsynlegt að loka

ákveðnum svæðum með tilliti til vatnsverndar. Áfram var þó hægt að leggja á bílastæðunum við Elliðavatnsbæinn og Helluvatn, eða á bílastæðum Garðabæjarmegin, og fara um friðlandið þaðan.


Fyrstu fundir deiliskipulagsnefndar voru haldnir á síðustu mánuðum ársins. Þessu fagnar félagið. Vonir eru bundnar við að þessi vinna leiði til þess að það leysist út ákveðinni óvissu og að útivist og vatnsvernd í Heiðmörk verði tryggð um ókomna tíð.



Eitt af vinsælustu svæðunum í Heiðmörk er Furulundur, þar sem hægt er að grilla, leika, klífra og njóta útiverunnar. Börn og fullorðinir nutu lífsins í Furulundi á starfsmannadegi EFLU og lærðu meðal annars að tálga undir handleiðslu Þórdísar Höllu Sigmarsdóttur. EFLA styrkti félagið með myndarlegum hætti auk þess sem sjálfbodaliðar unnu að stígagerð og gróðursetningu í þágu útivistargesta í Heiðmörk.



Brúin yfir Helluvatn.



Kafarar Slökkviliðsins æfa björgun í vök í Helluvatni í desember 2024.

Því miður varð ekki af því að ráðist yrði í nauðsynlegar viðgerðir á brúnni yfir Helluvatn sumarið 2024, líkt og til stóð. Vonast er til að gert verði við brúna á þessu ári. Mikilvægt er að brúin sé í lagi, fyrir gesti Heiðmerkur en ekki síður fyrir viðbragðsaðilar sem gætu þurft að komast leiðar sinnar.

GRISJUN, HÁSPENNULÍNUR OG JÓLATRÉ

Grisjun er hluti af nauðsynlegri umhirðu skógarins. Hún gerir trjám sem eftir eru að kleift að vaxa betur og um leið verður skógurinn betur fallinn til útivistar. Stefna félagsins er að nýta sem best þessar sjálfbærni afurðir skógarins. Grisjunarviðurinn var nýttur í allt frá kurli og eldivið til smíðatimburs og jólatrjáa.

Hluti af brunaáætlun er að hólfa skóginn og að grisja undir háspennulínunum. Í byrjun febrúar var grisjað undan Hamraneslínu í samstarfi við Landsnet.

Í febrúar var rauðgreni í Skógarhlíð grisjað og girðingarstaurar framleiddir úr efninu. Grisjunin opnaði nýja leið frá landnemaspildu Ferðafélags Íslands í vestur með Skógarhlíð. Talsvert var grisjað frá mörgum göngustígum um sumarið, einkum í hjarta

Heiðmerkur. Meðal annars við Grenilund, Borgarstjóraplan, Vígsluflöt, Raríklund og Undanfara. Grisjunin bætir aðgengi fyrir útivistarfólk og fyrir viðbragðsaðila.

Í nóvember var fjörutíu ára gamall grenireitur sunnan Hjalla-brautar grisjaður. Þetta var fyrsta grisjun og þéttni minnkuð úr 2.700 trjám í um 1.600 tré á hektara.

Í aðdraganda jólaanna gafst svo tækifæri til að grisja grenitré úr skóginum á ýmsum stöðum, meðal annars við Landnemaslóð og Vatnskrika. Trén voru valin út frá því hvernig best væri að grisja til að skógurinn geti haldið áfram að vaxa og sé aðgengilegur. Alls var grisjað á um fimm hekturum. Um leið fengust um 1.250 jólatré sem seld voru á Jólamarkaðnum í Heiðmörk.



BRUNAVARNIR

Forvarnir og viðbúnaður vegna hugsanlegra gróðurelda er hluti af umhirðu útivistarsvæða og náttúru. Til að draga úr hættu, þarf að skipuleggja varnarlinur, flóttaleiðir, vegi og aðgengi að vatni. Þá þarf að huga þarf að umhirðu skóga og tryggja að nauðsynleg tæki séu til, svo sem eldklöppur og vatnsskjólur fyrir þylur.

Stofnað hefur verið til samráðs vegna hugsanlegra gróðurelda í nágrenni höfuðborgarsvæðisins og er vinnunni stýrt af Almanna-vörnum og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins.



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins kom í heimsókn í Heiðmörk í sumar. Rætt var um elda í gróðri og skóglendi — forvarnir, viðbrögð og nauðsynleg tól og tæki.




Upplýsingar um viðbrögð við hugsanlegum gróðureldi, og tæki til að bregðast við, eru á nokkrum stöðum í Heiðmörk.

FALLEGUR ÁNINGARSTAÐUR RÍS ÚR BRUNARÚSTUM

Nýr áningarstaður er að verða til við Elliðavatn, rétt austan við Pingnes. Búið er að smíða pall og bekkir úr furu á grunni sem þar sem áður var sumarbústaður, sem brann fyrir nokkrum árum. Notaðar voru náttúrulegar aðferðir til að verja timbrið fyrir veðrun. Furan var brennd lítillga, svo að trjákvóðan kom upp á yfirborðið, sem gerir viðinn vatnsheldan.

Reykjavíkurborg styrkti áningarstaðinn gegnum verkefnið Torg í biðstöðu. Verkið er unnið í samstarfi við Önnu Dilljá Sigurðardóttur sem hannaði áningarstaðinn.



NÝR STÍGUR Í GARÐABÆ

Nýr göngustígur, um tveggja kílómetra langur, var lagður í Garðabæjarhluta Heiðmerkur. Stígurinn liggur frá útilífsmiðstöð skáta, Vífilsbúð, sem er við Grunnuvötn, að Hjöllum. Við útilífsmiðstöðina tengist nýi stígurinn svo beint við stíg sem var lagður frá Vífilstaðavatni. Með nýja stígnum verður Hlíðahringurinn að mestu á góðum stígum.

FRAMLAG LANDSVIRKJUNAR

Landsvirkjun studdi við landgræðslu, skógrækt og útivistarinnviði í Heiðmörk og Esjuhlíðum af myndarskap á árinu 2024. Styrkur frá Landsvirkjun gerði félaginu kleift að ráða fimm starfsmenn til að sinna gróðursetningum, landgræðslu, grisjun, umhirðu og viðhaldi stíga og áningarstaða. Þetta er annað árið sem Landsvirkjun veitir Skógræktarfélagi Reykjavíkur fjárstyrk til að ráða sumarstarfsmenn.



NÝ REIÐLEIÐ UM STEKKJARHOLT AÐ BRÚNNI YFIR HELLUVATN

Ný, 600 metra reiðleið var lögð í sumar og er henni ætlað að gera aðkomu að reiðleiðum í Heiðmörk öruggari. Nýja leiðin liggur frá brúnni við Helluvatn, yfir Stekkjarholt, samhliða Heiðmerkurvegi, og að núverandi reiðleið. Þá mun hún einnig tengjast reiðleið að Rauðhólum, sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagi fyrir Rauðhóla.



URRIÐAKOTSHRAUN FRIDLÝST

Urriðakotshraun, á mörkum Heiðmerkur og Garðabæjar, var friðlýst sem fólkvangur í mars. Urriðakotshraun er hluti af Búrfellshrauni sem rann fyrir rúmlega átta þúsund árum.

Friðlýsingunni er ætlað að tryggja aðgengi almennings að svæðinu og vernda jarðmyndanir, menningarminjar og gróðurfar svæðisins. Hún nær til hluta Vífilsstaðahlíðar, meðal annars svæðis þar sem Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur ræktað upp skóg. Skógrækt verður áfram heimil innan þess svæðis.



ESJUHLÍÐAR

Í ESJUHLÍÐUM ER UNNIÐ AÐ SKÓGRÆKT OG UPPBYGGINGU OG VIÐHALDI ÚTIVISTARINNVIÐA. ESJUHLÍÐAR HAFA VERIÐ Í UMSJÓN SKÓGRÆKTARFÉLAGS REYKJAVÍKUR FRÁ ÁRINU 2000.





Björgunarsveitin Kjölur aðstoðaði við að loka fjallinu og fjarlægja laust grjót í byrjun júní.



Nýi þjónustuvegurinn er í nær 300 metra hæð. Eins og sjá má, er nokkur trjágróður þarna, þótt hann eigi erfitt uppdráttar í svona mikilli hæð, litlu skjóli og grýttum jarðvegi.

Talsverðar framkvæmdir voru í Esjuhlíðum á árinu. Þann þriðja júní var fjallinu lokað fyrir hádegi meðan lausir steinar voru teknir. Eðlilegt er að grjót losni í klettunum efst í Esjunni, sérstaklega í frosti, vorleysingum og umhleypingum og því mikilvægt að fólk fari að öllu með gát og noti merktar gönguleiðir.

Um haustið var nýr þjónustuvegur lagður ofarlega í Esjuhlíðum. Þjónustuvegurinn er fyrir björgunaraðila og til að hægt verði að

gera við brúna yfir Mógilsá við Fossalautir. Brúin er orðin 30 ára gömul og er illa farin. Stefnt er að því að gera við hana næsta vor. Miklar lagfæringar hafa verið gerðar á göngustígnum frá brúnni og að vaðinu fyrir neðan Grensöxl. Styrkur til verksins fékkst frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Í lok apríl var grisjað vestan við bílastæðið neðan Þverfellshorns. Birkið sem féll til var nýtt í eldivið.




Vetrarblóm í Esju.



Nemendur við Vassar College í New York ríki í Bandaríkjunum aðstoðuðu við gróðursetningar við Esjurætur í lok maí.



Gróska í Esjuhlíðum.





Sýningin „Undan Esju“ var opnuð í lok apríl. Nemendur í vöruhönnun við LHI unnu við innsetningar sem voru innblásnar af umhverfi Esjunnar. Verkin voru á við og dreif um Esjuhliðar.

Í Fálkakletti í Esjunni, setti Fjallafélagið upp klettastíg eða Via ferrata, sem merkir járnstígur á ítölsku. Via ferrata er upprunið í Ölpunum en er nú vinsælt sport um allan heim. Stálvirar hafa verið lagðir á hluta leiðarinnar og festa klífrarar sig við þá. Frá apríl-byrjun mun Fjallafélagið bjóða upp á ferðir upp á Esjuna, um nýju leiðina.



Haraldur Örn Ólafsson og Ólafur Örn sonur hans prófa stíginn.



Í Fellsmörk.

LUNDUR III

Lundur III í Borgarfirði er 610 hektarar jörð sem nær frá Lundarreykjadal og niður í Flókadal. Til stendur að þar verði ræktaður upp útivistarskógur sem verði opinn almenningi.

Skógræktarfélag Reykjavíkur og Ölgerðin hafa skrifað undir samning um skógrækt á hluta af jörðinni. 400.000 trjáplöntur verða gróðursett á næstu fimm árum, á 170 hekturum.



Jörðin hentar vel til skógræktar. Gróðurþekjan er þó víða illa farin og jarðvegur rýr. Sá hluti jarðarinnar sem í dag er ræktarland, verður áfram nýttur í landbúnaði.

Ölgerðin eignast megnið af þeim kolefniseiningum sem verða til en Skógræktarfélag Reykjavíkur eignast skóginn sem verður útivistarskógur.

Gróðursetning á svæðinu hefst líklega 2026, þó mögulega verði byrjað strax haustið 2025. Gert er ráð fyrir að mest verði gróðursett af stafafuru en einnig greni, ösp, birki og lerki. Mikið af landsvæðinu eru hliðar með ryran jarðveg en stafafura stendur sig alla jafna vel í slíkum aðstæðum.



Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, og Jóhannes Benediktsson, formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur, við undirritun samningsins.

MÚLASTAÐIR

Múlastaðir í Flókadal í Borgarfirði er um 650 hektara jörð í eigu Skógræktarfélags Reykjavíkur. Unnið er að skógrækt á 413 hekturum. Á árinu gróðusettu verktakar tæplega 72 þúsund plöntur á Múlastöðum. Alls hefur nú verið gróðursett á 230 hekturum í landi Múlastaða. Borið var á allar nýgróðursetningar með tilbúnum áburði.

Kennarasamband Íslands tók íbúðarhúsið að Múlastöðum á leigu yfir sumarið og leigði það út sem orlofshús til félagsmanna. Félagsmenn áttu kost á vetrarleigu líkt og undanfarin ár.



Nemendur í skógræði við Landbúnaðarháskóla Íslands litu við á Múlastöðum og kynntust haustgróðursetningum.



Áfram var unnið að landgræðslu á illa fögnu landi fyrir neðan veg. Í byrjun sumars var grasfræi og áburði dreift á rúma 30 hektara. Styrkur til áburðarkaupanna fékkst frá verkefninu Bændur græða landið.



FELLSMÖRK

Fellsmörk er 982 hektara land í Mýrdalshreppi, sem félagið á. Landnemar hafa unnið að skógrækt á hluta svæðisins frá árinu 1990. Áfram var unnið að deiliskipulagsgerð á árinu. Þá var áfram unnið með Félagi landnema í Fellsmörk að heildarendurskoðun á samningum og nýjum samningsdrögum, í samræmi við lög um frístundabyggð.



Á gróðursetningardegi landnema í Fellsmörk.



REYNIVELLIR

Á Reynivöllum í Kjós er um fjórtán hektara skóglendi í eigu Þjóðkirkjunnar sem Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur umsjón með. Nokkuð var grisjað á árinu. Í blágrenireit voru 120 tré grisjuð út og topparnir nýttir sem jólatré. Þá var rauðgreni og stafafura grisjuð meðfram vegslóð. Nokkuð fjölbreytileg flóra grenis er í skóginum – blágreni, fjallaþinur, rauðgreni og stafafura.



HÉR ER AÐ FINNA HELSTU TÖLUR Í REKSTRI OG STARFI SKÓGRÆKTARFÉLAGS REYKJAVÍKUR 2024 OG SAMANBURÐ VIÐ ÁRIÐ Á UNÐAN. SAMBÆRILEGAR UPPLÝSINGAR ER AÐ FINNA Í FYRRI ÁRSSKÝRSLUM SEM HÆGT ER AÐ NÁLGAST Á HEIDMORK.IS

STARFSMENN, STARFSNEMAR OG VERKTAKAR

	STARFSMENN	MÁNUÐIR	ÁRSVERK
Fastir starfsmenn	9	12	8
Verkefnaráðnir	7	12	3
Starfsnemar	6	10	0,8
Sjálfboðaliðar	100		0,3
Landnemar			0,1
Jólamarkaður	8		0,5

FÉLAGS- OG FRÆÐSLUSTARF

	2024	2023
Félag í árslok	1346	1147
Fræðsluerindi	20	15
Pátttakendur í fræðslu (áætlað)	442	200
Viðburðir og móttökur	51	34
Pátttakendur í viðburðum og móttökum (áætlað)	15059	12655

SKÓGRÆKTARFRAMKVÆMDIR

	2024	2023
Gróðursettar Plöntur	140281	219517
Nýjir stígar (km)	1,25	0
Áburðargjöf (tonn)	0,95	0,82
Grisjun (ha)	7,3	5,2

GRÓÐURSETNINGAR 2024

TEGUND	HEIÐMÖRK	ESJUHLÍÐAR	FELLSMÖRK	MÚLASTAÐIR	ÚLFARSFELL -loftlagsskógar	SAMTALS
Birki	15330	6700	1675	40	1934	25679
Sitkagreni/bastarður	9307			17080	615	27002
Stafafura	10675	2640		23040	950	37305
Lerki	3		335	14673	10	15021
Reynir	110			35	628	773
Alaskaösp	928		420	17127	2118	20593
Gráelri	185	1085	175		645	2090
Elri	32		875		283	1190
Víðir	206				2260	2466
Fjallapínur	7					7
Ýmsar tegundir, þar á meðal; hafþyrnir,blátoppur, sumereik, alaskaepli, rífsber, hindber, heggur, sýrena og skógarfura	5195		200		2760	8155
Samtals	41978	10425	3680	71995	12203	140281

REKSTRAREININGAR

	2024	2023
Stígar Heiðmörk (km)	73,75	72,5
Stígar Esja (km)	22,2	22,2
Viðhald stíga (km)	2,5	3,7
Áningarstaðir	13	12
Borð og bekkir	41	40
Salerni	5	5
Ruslakassar	14	15
Grill	6	6
Ný skilti - Esjuhlíðar		8
Ný skilti - Heiðmörk		1

VIÐARAFURÐIR

TEGUND	STÆRD	MAGN 2024	MAGN 2023
Bolviður	lengdar metrar	894	485
Grenispírur	lengdar metrar	313	525
Borðviður	lengdar metrar	1076	1148
Bök	lengdar metrar	126	185
Plattar	stk.	87	71
Drumbar	25-30 sm (stk)	145	0
Kurl - stórsekkir	m3	114	71
Kurl - strigapokar	40 lítrar	43	54
Kurl - strigapokar	80 lítrar	117	17
Eldiviður - búnt	30-40 sm	469	595
Eldiviður - laus	m3	36	10

JÓLATRJÁASALA

	2024	2023
Jólamarkaður Elliðavatni	510	638
Jólaskógur	568	511
Lækjartorg	76	105
Jólatrjáasala Smiðju	78	400
Torgtré	13	40
Skólatré	5	0
Veggtré	43	30
Tröpputré	345	302
Samtals	1638	2026

VÉLAR OG TÆKI

BÍLAR: 4, DRÁTTARVÉLAR: 2, SLÁTTUTRAKTOR, SNJÓTROÐARI OG SEXHJÓL

	2024	2023
Kerrur og vagnar	5	5
Keðjusagir	10	10
Kjarsagir og greinasög	3	3
Önnur tæki og tól: Skógarútkeyrsluvél, stauravél, eldiviðarkljúfur, stórviðarsög, bandflettisög, kurlari og þurrkofn fyrir timbur		

UMSJÓNAR- OG EIGNALÖND (HA)

SVÆÐI	ALLS STÆRÐ	STÆRÐ SKÓGLENDIS 2024	STÆRÐ SKÓGLENDIS 2023
Múlastaðir	650	229.88	209
Reynivellir	50	14	14
Mógilsá og Kollafjörður	1000	271	268
Heiðmörk	3274	2119	2097
Fellsmörk	982	107.04	106
Lundur III	610	0	0

HÚSEIGNIR (m²)

SVÆÐI	TEGUND	STÆRÐ
Elliðavatn	Skrifstofa (umsjá)	585
Elliðavatn	Smiðja	422
Múlastaðir	Íbúðarhús	107
Múlastaðir	Skemma (hlaða)	131
Múlastaðir	Geymsla (fjós)	112
Fell	Hlaða (léleg)	233

LANDNEMAR OG SJÁLFBODALÍÐAR

	2024	2023
Heiðmörk	154	154
Esjuhlíðar	4	4
Fellsmörk	37	37
Samtals landnemar	195	195
Móttaka landnemahópa	5	5
Fjöldi landnema við gróðursetningar (áætlað)	200	200
Fjöldi fyrirtækja við gróðursetningar	4	4
Fjöldi þáttakenda við gróðursetningar fyrirtækja (áætlað)	100	150

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2024

REKSTRAREININGUR ÁRSINS 2024

REKSTRARTEKJUR	SKÝRING	2024	2023
Framlög og þjónustusamningar		63.604.096	59.357.256
Innborguð félagsgjöld		4.221.000	4.574.000
Seldar vörur og þjónusta		36.392.147	42.750.165
Aðrar tekjur og styrkir til sérverkefna		51.372.141	63.164.272
Leigutekjur		5.041.680	4.756.420
Rekstrartekjur alls		160.631.064	174.602.113
REKSTRARGJÖLD	SKÝRING	2024	2023
Laun og annar starfsmannakostnaður	3	77.656.689	77.123.549
Rekstur fasteigna		6.662.149	6.423.891
Viðhald og rekstur svæða		41.012.797	39.010.504
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		18.766.794	14.962.931
Annar rekstrarkostnaður		1.320.310	6.064.494
Afskriftir fastafjármuna	5	7.192.693	9.128.610
Rekstrargjöld alls		152.611.433	152.713.979
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	4	8.019.631	21.888.134
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármunatekjur		13.204.070	11.734.885
Fjármagnsgjöld		-100.391	-26.733
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld alls		13.103.679	11.708.152
Afkoma af reglulegri starfsemi		21.123.310	33.596.286
Hagnaður ársins		21.123.310	33.596.286

EFNAHAGSREIKNINGUR 31.DESEMBER 2024

EIGNIR	SKÝRING	2024	2023
Fastafjármunir			
Fasteignir og lóðaréttindi	5	233.869.336	235.247.336
Áhöld og tæki	5	15.298.757	19.520.450
Fjárfestingasjóðir	6	79.132.687	141.752.457
		328.300.780	396.520.243
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	7	10.731.495	16.004.443
Aðrar kröfur		0	0
Handbært fé	7	156.448.927	56.426.040
		167.180.422	72.430.483
Eignir samtals		495.481.202	468.950.726
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé	8		
Sérstakur endurmatsreikningur	5	34.336.000	35.264.000
Óráðstafað eigið fé		439.043.226	416.991.915
Eigið fé alls		473.379.226	452.255.915
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	9	14.917.579	7.543.898
Aðrar skammtímaskuldir	9	7.184.397	9.150.913
Skuldir samtals		22.101.976	16.694.811
Skuldir og eigið fé samtals		495.481.202	468.950.726

SKÓGRÆKTARFÉLAG REYKJAVÍKUR ÞAKKAR SAMSTARFS- OG STYRKTARAÐILUM Á ÁRINU 2024

Anna Diljá Sigurðardóttir

Björgunarsveitin Kjölur

Bláfjöll

CIPFP Cheste tækniháskólinn í Valencia

Efla verkfræðistofa

Fákur

Fangaverk

Ferðafélag Íslands

Félag landnema á Fellsmörk

Fjallakofinn

Finnska sendiráðið

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Garðabær

Íslenska Gámafélagið

Hálstak

Háskólinn í Kaupmannahöfn – Skovskolen

Hjólreiðafélag Reykjavíkur

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Hrísar í Flókadal

Jón Haukur Steingrímsson

Land og skógur

Landbúnaðarháskóli Íslands

Landnemar í Esjuhlíðum

Landnemar í Heiðmörk

Landsnet

Landssamtök skógareigenda

Landsvirkjun

Listaháskóli Íslands

MHG

Minningarsjóður Páls Gunnarssonar

Neyðarlínan

Nordmannslaget

Norðlingaskóli

Norska sendiráðið

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Orkuveita Reykjavíkur

Oslóarborg

Péturseyjarbúið

Reykjavíkurborg

Rúnar Bragason

Skíðagöngufélagið Ullur

Sorpa

Smartsolutions

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar

Skógræktarfélag Kjalarness

Skógræktarfélag Kópavogs

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar

Skógræktarfélag Íslands

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Stéttafélagið

Trjáprýði

Trjáræktarklúbburinn

Tækniskólinn

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Umhverfisstofnun

Vegagerðin

Veiðikortið

Veitur

Vesturlandsskógar

Þórshöfn í Færeyjum


Þjóðleikhúsið

Þjóðkirkjan

Össur

Ölgerðin

Félagið þakkar þeim fjölmörgu sem tóku þátt í gróðursetningum og uppbyggingu á útivistarsvæðunum.





Skógræktarfélag Reykjavíkur er almannaheillafélag.

Hægt er að styðja starfið með aðild að félaginu og frjálsum framlögum.



SKÓGRÆKTARFÉLAG
REYKJAVÍKUR

Ellidavatni | 161 Reykjavík | sími 564 1770 | heidmork.is